

Leiðarþing fólks með þroskahömlun 9. apríl 2016

Leiðarþing fólks með þroskahömlun og

Aðalfundur Átaks álykta um aðgengi að samfélaginu á fundi

Að hafa aðgang að samfélaginu er mikilvægt fyrir alla. Að lifa sjálfstæðu lífi og taka þátt eru mannréttindi. Á Íslandi er þetta ekki við lýði og fatlað fólk nýtur ekki þeirra lífsgæða að hafa fullan aðgang að samfélaginu. Ferðaþjónustan er takmarkandi, val um búsetu ekki til staðar fyrir alla, þjónustan skert, bætur eru litlar og við fáum ekki að eiga val um hvar við búum eða með hverjum. Þjónustan er oft skert og oft sett á án samráðs við okkur. Því hvetjum við stjórnvöld, ríki og sveitarfélög til þess að virða og framfylgja sáttmálum, lögum og reglum sem eiga að veita okkur sömu réttindi og öðrum sem búa á Íslandi. Veita á fötluðu fólk stuðning sem getur leitt til aðgangs að samfélagi fyrir alla.

Í samningi sameinuðupjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kemur skýrt fram að aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólk kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólk aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Þetta er ekki það sem við upplifum og því krefjumst við úrbóta. Að stjórnvöld leggi sig fram við að innleiða og fullgilda samning sameinuðupjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hér á landi og virði mannréttindi fatlaðs fólks.

Ekkert um okkur án okkar eru orð sem við viljum að stjórnvöld og þeir sem fara með okkar mál virði alltaf þegar verið er að fjalla um okkar mál. Kallið okkur að borðinu.

Við erum fullgildir borgarar og viljum að komið sé fram við okkur sem slík. Það eitt eykur aðgengi okkar að samfélaginu og veitir okkur réttarstöðu til jafns við aðra.

Leiðarþing Átaks, félag fólks með þroskahömlun,

Reykjavík, 9. Apríl 2016